

Foreldraráð Hulduheima 2016-2017

1. fundur 23.11.16

Mættar: Snjólaug Brjánsdóttir (skólastjóri), Hanna Björg Héðinsdóttir (Koti) og Ingunn Högnadóttir (Seli).

Fjarverandi: Arnfríður Hermannsdóttir (Seli)

Dagskrá: Ýmis málefni

Í upphafi fundar er farið yfir hlutverk foreldraráðs, sem meðal annars er að veita umsögn um skólanámskrá. Skólanámskrá fyrir skólaárið 2016-17 hefur nú þegar verið samþykkt og eru skólarnir byrjaðir að vinna eftir henni. Skólanámsskráin er, að mati foreldraráðs, skýr og vel framsett með raunhæfum markmiðum. Námskráin er í sífelldri endurskoðun og eru fyrirhugaðar breytingar/endurbætur á kafla um læsi og samskipti. Skóladagatal hefur einnig verið samþykkt.

Því næst tæpir Snjólaug á nokkrum atriðum sem koma að skipulagi og starfsháttum í leikskólunum.

1. Verið er að taka inn mikið af nýju málörvunarefni (Lubbaefnið). Gott og fjölbreytt efni sem á eftir að nýtast vel bæði í vinnu inni á deildum og í sérkennslu.
2. Fyrirhuguð er leggja til við starfsfólk tilraun með breytta kaffi- og matartíma starfsmanna. Breytingin felst í því að sleppa kaffitíma að morgni og í staðin fá starfsmenn 40 mínútna matartíma. Þetta er gert til að fá meiri samfellu í starfið fyrir hádegi. Þetta fyrirkomulag hefur verið reynt í nokkrum leikskólum á Akureyri nú þegar og gefið góða raun.
3. Sú spurning hefur vaknað meðal leikskólakennara, eftir samtöl við nokkra foreldra, hvort foreldrar séu boðaðir of oft á atburði í leikskólanum; t.d. í föndur, sumarhátíð o.þ.h. Ef allir foreldraatburðir eru taldir saman eru þeir um sex yfir árið. Fulltrúar eru sammála um að þetta sé ekki of mikið, en þó sé æskilegt að takmarka fjölda atburða á aðventunni þar sem hún er oft mjög annasöm hjá fólki.
4. Fyrirhugað er að meistaranemi í lýðheilsufræði við Háskóla Íslands leggi spurningalista um viðhorf til matar og hreyfingar í leikskóla fyrir starfsmenn og foreldra elstu barna. Almenn ánægja hefur verið meðal starfsfólks með matinn og eru eldhúsin í báðum skólunum vel rekin.
5. Mikil ánægja er með nýju Facebook síður deildanna, bæði meðal foreldra og starfsmanna. Facebook síðurnar eru ætlaðar til að segja frá daglegu starfi, setja inn myndir og vídeó, minna á viðburði o.fl. og hafa því að hluta til tekið við hlutverki heimasíðunnar. Heimasíðan verður þó enn notuð fyrir grunnupplýsingar um skólana: skólanámsskrá, skóladagatal, upplýsingar um kennara o.fl.
6. Mönnunarmál eru góð, að undanskildum hefðbundnum haustpestum sem herja árlega á bæði börn og starfsfólk. Fulltrúar foreldra gera athugasemd við að nýjir/tímabundnir kennarar séu ekki nægilega vel kynntir. Rætt um að Facebook sé tilvalinn vettvangur til þess.
7. Aðeins minnst á fyrirhugaða námsferð starfsfólks á Numicon ráðstefnu í Brighton 19. apríl nk.

Ákveðið er að foreldraráð hittist aftur í febrúar þegar vinna við skóladagatal er langt komin. Fram að því munu fulltrúar í ráðinu verða í tölvupóstsamskiptum ef upp koma mál sem þarf að ræða og boða til fundar ef þurfa þykir.

Ingunn Högnadóttir ritaði fundargerð fyrir hönd foreldraráðs.